

HAGNAÐUR EFTIR SKATTA 101 MILLJÓN USD Á ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi jukust um 10% milli ára og námu 536,0 milljónum USD.
- Farþegatekjur voru hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- EBITDA nam 161,1 milljón USD og stóð í stað á milli ára.
- Sætanyting var góð í millilandaflugstarfseminni 86,2% og jókst um 0,6 prósentustig frá fyrra ári.
- Eiginfjárlutfall var 43% í lok september.
- Handbært fé og skammtímaverðbréf nema 264,1 milljón USD og nettó vaxtaberandi skuldir eru 19,9 milljónir USD.
- EBITDA spá hækkuð í 165-175 milljónir USD.

Þúsundir USD	3. ársfj. 2017	3. ársfj. 2016	Breyt.	% Breyt.	9 mán. 2017	9 mán. 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	536.030	485.910	50.120	10%	1.127.289	1.029.102	98.187	10%
EBITDAR	171.460	170.355	1.105	1%	213.757	242.953	-29.196	-12%
EBITDA	161.097	161.749	-652	0%	187.113	217.392	-30.279	-14%
EBIT	126.806	132.127	-5.321	-4%	96.085	142.804	-46.719	-33%
EBT	127.094	130.825	-3.731	-3%	96.919	142.305	-45.386	-32%
Hagnaður tímabilsins	101.339	102.765	-1.426	-1%	77.700	111.938	-34.238	-31%
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	1.445.042	1.184.019	261.023	22%
Eigið fé	-	-	-	-	618.552	582.885	35.667	6%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	283.961	60.373	223.588	-
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	264.077	194.570	69.507	36%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	19.884	-134.197	154.081	-
Sjóðstreymi								
Veltufé frá rekstri	171.740	161.169	10.571	7%	195.750	221.502	-25.752	-12%
Handbært fé til/frá rekstri	-19.749	-19.933	184	-1%	196.549	248.495	-51.946	-21%
Fjárfestingahreyfingar	-53.154	-63.695	10.541	-17%	-180.233	-221.773	41.540	-19%
Fjármögnunarahreyfingar	-2.399	-2.289	-110	5%	14.705	-34.084	48.789	-
Handbært fé í lok tímabils	260.130	191.397	68.733	36%	260.130	191.397	68.733	36%
Lykiltölur								
Afkoma USD cent á hlut	2,07	2,07	0,00	0%	1,59	2,25	-0,66	-
Innra virði hlutafjár	-	-	-	-	15,65	14,37	1,28	9%
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	43%	49%	-6,2% -stig	-13%
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	0,99	0,81	0,18	22%
Fjárfestingar, þúsundir USD	39.700	46.632	-6.932	-15%	124.628	203.675	-79.047	-39%
Flutningatekjur % af heildartekjum	76,1%	76,8%	-0,7 % -stig	-	73,6%	74,0%	-0,4 % -stig	-1%
EBITDAR hlutfall	32,0%	35,1%	-3,1 % -stig	-	19,0%	23,6%	-4,6 % -stig	-20%
EBITDA hlutfall	30,1%	33,3%	-3,2 % -stig	-	16,6%	21,1%	-4,5 % -stig	-21%
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	16,55	32,90	-16,35	-50%	23,53	38,90	-15,37	-40%
Lægsta verð á tímabili	13,80	23,35	-9,55	-41%	13,13	23,35	-10,22	-44%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	14,75	23,35	-8,60	-37%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	73.750	116.750	-43.000	-37%

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Reksturinn á þriðja ársfjórðungi gekk vel. Afkoman er betri en gert var ráð fyrir og eru helstu skýringarnar hærrí farþegatekjur og hagstæð gengisþróun sem vegur þyngra en neikvæð þróun olíuverðs. Þá eru hagræðingaraðgerðir byrjaðar að skila árangri. Afkoma af leiguflugstarfsemi og fraktflutningum var einnig umfram væntingar. Farþegar félagsins í millilandaflugi voru tæplega 1,5 milljónir og hefur félagið aldrei flutt fleiri farþega á einum ársfjórðungi. Í ljósi bættrar afkomu á þriðja ársfjórðungi og betra rekstrarútlits á síðustu mánuðum ársins hækkum við afkomuspá okkar fyrir árið í 165-175 milljónir USD.

Góð viðbrögð hafa verið á markaðnum við nýjum fargjaldavalkosti, Economy Light, sem Icelandair hóf sölu á nýverið. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi vexti á næsta ári í samræmi við stefnu okkar um arðbæran innri vöxt félagsins og flugáætlun Icelandair fyrir árið 2018 verður um 11% umfangsmeiri en á þessu ári. Horfur í flugrekstri félagsins eru óbreyttar. Samkeppni er áfram mikil á N-Atlantshafinu og er gert ráð fyrir áframhaldandi þrýstingi á meðalfargjöld. Félagið hefur hins vegar sýnt að með sveigjanleika og fjárhagslegan styrk að vopni er það vel í stakk búið að takast á við sveiflur í rekstrarumhverfinu.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru 1,5 milljónir og fjölgaði um 10%.
- Sætanýting í millilandaflugi var 86,2% og jókst á milli ára.
- Herbergjanýting á hótelum félagsins dróst saman frá seinasta ári.

	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	Breyting
ICELANDAIR			
Farþegafjöldi ('000)	1.495,5	1.360,1	10%
Sætanýting (%)	86,2	85,7	0,6 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	5.454,3	4.889,1	12%
AIR ICELAND CONNECT			
Farþegafjöldi ('000)	109,3	106,6	3%
Sætanýting (%)	70,9	70,3	0,6 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	74,7	71,8	4%
LEIGUFLUG			
Flotanýting (%)	100,0	100,0	0,0 %-stig
Seldir blokk tímar	7.240	6.315	15%
FRAKTFLUTNINGAR			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	32.085	25.760	25%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	112.393	113.439	-1%
Seldar gistinætur	99.653	102.624	-3%
Herbergjanýting (%)	88,7	90,5	-1,8 %-stig

Markaðurinn yfir N-Atlantshafið var stærsti markaður félagsins með 58% af heildarfarþegafjölda. Farþegum fjölgaði einnig mest á þeim markaði eða um 15% á milli ára.

Farþegar eftir mörkuðum '000	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	% breyting	hlutdeild '17
Til	508,3	489,1	4%	34%
Frá	119,2	114,6	4%	8%
Um	868,1	756,3	15%	58%
Samtals farþegar Icelandair	1.495,5	1.360,1	10%	100%

ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD. Á þriðja ársfjórðungi 2017 var USD veikari gagnvart ISK en sterkari en aðrar helstu viðskiptamýntir félagsins samanborið við þriðja ársfjórðung 2016. Þannig var ISK á þriðja ársfjórðungi nú 12% sterkari gagnvart USD en EUR 6% veikari.

Mynt	Meðalgengi 3. ársfj. '17	Breyting frá 3. ársfj. '16	Lokagengi 30.09 '17	Breyting frá 30.09 '16
ISK	0,009	12%	0,009	7%
EUR	1,175	-6%	1,181	-2%
GBP	1,309	-11%	1,340	-4%
CAD	0,798	-7%	0,799	-2%
DKK	0,158	-6%	0,159	-2%
NOK	0,126	-7%	0,125	-7%
SEK	0,123	-6%	0,123	-2%

REKSTUR ÞRÍÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting
EBITDAR	171,460	170,355	1,105	1%
EBITDA	161,097	161,749	-652	0%
EBIT	126,806	132,127	-5,321	-4%
EBT	127,094	130,825	-3,731	-3%
Hagnaður tímabilsins	101,339	102,765	-1,426	-1%
EBITDAR %	32.0%	35.1%	-3.1 %stig	-
EBITDA %	30.1%	33.3%	-3.2 %stig	-

Afkoma á þriðja ársfjórðungi var umfram væntingar. Munar þar mestu um farþegatekjur sem voru umfram áætlanir. Sætanyting var góð á fjórðungnum, nam 86,2% og meðalfargjöld lækkuðu ekki eins mikið og gert hafði verið ráð fyrir. Gengisþróun var félaginu einnig hagfelld. Í samanburði við fyrra ár lækkaði hagnaður félagsins lítillega á fjórðungnum, nam 101,3 milljónum USD samanborið við 102,8 milljónir USD. EBITDA nam 161,1 milljón USD og stóð nánast í stað á milli ára. EBITDA hlutfallið var 30,1% og lækkaði um 3,2 prósentustig á milli ára.

TEKJUR

- Heildartekjur jukust um 10% á milli ára á þriðja ársfjórðungi.
- Farþegatekjur jukust um 9% á milli ára.

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	408.066	373.192	34.874	9%	76%
Farþegaflug	390.146	358.593	31.553	9%	73%
Vöru- og póstflutningar	17.920	14.599	3.321	23%	3%
Flugvéla- og áhafnaleiga	18.246	19.149	-903	-5%	3%
Aðrar rekstrartekjur	109.718	93.569	16.149	17%	20%
Samtals	536.030	485.910	50.120	10%	100%

Heildartekjur jukust um 10% á milli ára. Farþegatekjur jukust um 31,6 milljónir USD eða um 9%. Lækkun meðalfargjalda var ekki eins mikil á fjórðungnum og gert hafði verið ráð fyrir. Farþegatekjur Icelandair jukust á Norður-Atlantshafsmarkaðnum, stóðu í stað á ferðamannamarkaðnum til Íslands og drógust lítillega saman á markaðnum frá Íslandi. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu lækkuðu um 5% á milli ára og námu 18,2 milljónum USD. Aðrar rekstrartekjur námu 109,7 milljónum USD og jukust um 16,1 milljón USD eða um 17% miðað við þriðja ársfjórðung 2016. Skýrist það að mestu leyti af auknum tekjum af ferðapjónustu eins og sjá má í töflunni hér að neðan:

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	33.397	32.655	742	2%
Tekjur af ferðapjónustu	61.485	47.149	14.336	30%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	5.936	4.882	1.054	22%
Seld viðhaldsþjónusta	1.210	946	264	28%
Söluhagnaður / tap fastafjármuna	0	431	-431	-100%
Aðrar rekstrartekjur	7.690	7.506	184	2%
Samtals	109.718	93.569	16.149	17%

KOSTNAÐUR

- **Heildarkostnaður nam 374,9 milljónum USD.**
- **Helstu skýringar á auknum kostnaði er aukið umfang og styrking íslensku krónunnar.**

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	118.116	94.737	23.379	25%	32%
Flugtengdur kostnaður	148.592	135.465	13.127	10%	40%
Annar rekstrarkostnaður	108.225	93.959	14.266	15%	29%
Samtals	374.933	324.161	50.772	16%	100%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 118,1 milljón USD samanborið við 94,7 milljónir USD á þriðja fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi og styrkingu krónunnar gagnvart USD á samanburðartímabilinu, en stærstur hluti launakostnaðar félagsins er í ISK. Hagnaður af gengisvörnum kemur til lækkunar á launakostnaði á þriðja ársfjórðungi um 1,9 milljónir USD

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Eldsneytiskostnaður	82.364	73.056	9.308	13%	55%
Flugvéla-leiga	5.226	4.375	851	19%	4%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	41.424	38.884	2.540	7%	28%
Viðhaldskostnaður flugvéla	19.578	19.150	428	2%	13%
Samtals	148.592	135.465	13.127	10%	100%

Eldsneytiskostnaður nam samtals 82,4 milljónum USD og jókst um 13% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsvörð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 516 USD/tonn, sem er 2% hækkun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok september er dregið fram í kaflanum

„Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá“ hér á eftir. Flugvélaeiga nam 5,2 milljónum USD og jókst um USD 0,9 milljónir í samanburði við þriðja ársfjórðung 2016. Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld námu 41,4 milljónum USD og jukust um 7%. Viðhaldskostnaður nam 19,6 milljónum USD og jókst um 2%.

Annar rekstrarkostnaður nam 108,2 milljónum USD og jókst um 14,3 milljónir USD á milli ára. Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu jókst um fjórðung á milli ára og nam 41,4 milljónum USD. Hagnaður af gengisvörnum á þriðja ársfjórðungi kemur til lækkunar á þeim lið um 0,8 milljónir USD. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	8.333	7.477	856	11%
Samskiptakostnaður	6.851	5.983	868	15%
Auglýsingakostnaður	5.458	6.837	-1.379	-20%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	15.359	13.640	1.719	13%
Kostnaðarverð seldra vara	8.660	8.103	557	7%
Þjónusta við farþega og hótलगesti	13.068	10.175	2.893	28%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	41.438	33.121	8.317	25%
Breyting á niðurfærslu krafna	490	523	-33	-6%
Annar rekstrarkostnaður	8.568	8.100	468	6%
Samtals	108.225	93.959	14.266	15%

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Gengisáhrif voru jákvæð um 3,5 milljónir USD á tímabilinu.

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	976	510	466	91%
Fjármagnsgjöld	-4.090	-1.093	5.183	-
Gengisáhrif	3.511	-1.082	4.593	-
Samtals	397	-1.665	2.062	-

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,4 milljörðum USD í lok þriðja ársfjórðungs.
- Eiginfjárhlutfall var 43%.
- Nettó vaxtaberandi skuldir 19,9 milljónir USD.

Þúsundir USD	30.09.2017	31.12.2016	Breyting
Heildareignir	1.445.042	1.292.493	152.549
Rekstrarfjármunir	642.845	602.615	40.230
Handbært fé og markaðsverðbréf	264.077	250.125	13.952
Eigið fé	618.552	568.213	50.339
Vaxtaberandi skuldir	283.961	242.382	41.579
Nettó vaxtaberandi skuldir	19.884	-7.743	27.627
Eiginfjárhlutfall	43%	44%	-1 %-stig
Veltufjárhlutfall	0,99	0,92	8%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 642,8 milljónum USD og jukust um 40,2 milljónir USD frá ársbyrjun. Nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er að finna í kaflanum um fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins voru 45 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 37 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok þriðja ársfjórðungs.

Flugvélagæði	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfél. Íslands	Flugfloti 30.09.17	Flugfloti 31.12.16	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.16
Boeing 757 200	25	2	2		29	29	26	3	0
Boeing 757 300	1				1	1	1		0
Boeing 767 300	4		2		6	6	4	2	0
Boeing 737 700			1		1	1		1	0
Boeing 737 800			2		2	2		2	0
Bombardier Q200				3	3	2	3		1
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Fokker F-50						4			-4
Total	30	2	7	6	45	48	37	8	-3

Eigið fé nam 618,6 milljónum USD í lok september og eiginfjárlutfallið var 43%. Sjá helstu breytingar á eigin fé frá áramótum í töflunni hér fyrir neðan:

Þúsundir USD	30.09.2017
Eigið fé 1.1. 2017	568.213
Kaup á eigin bréfum	-15.230
Hagnaður tímabilsins	70.613
Arðgreiðsla (0.10 US cent á hlut)	-5.044
Eigið fé 30.09.2017	618.552

Vaxtaberandi skuldir námu 284,0 milljónum USD, samanborið við 242,4 milljónir USD í ársbyrjun. Aukningin skýrist af framhaldsútgáfu skuldabréfa að fjárhæð 40,0 milljónum USD í febrúar. Nettó vaxtaberandi skuldir námu 19,9 milljónum USD í lok fjórðungsins.

Þúsundir USD	30.09.2017	31.12.2016	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	235.836	196.722	39.114
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	48.125	45.660	2.465
Markaðsverðbréf	3.947	23.236	-19.289
Handbært fé	260.130	226.889	33.241
Nettó vaxtaberandi skuldir	19.884	-7.743	27.627

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé til rekstrar nam 19,7 milljónum USD.**
- **Handbært fé í lok september var 260,1 milljón USD.**
- **Fjárfestingar námu alls 39,7 milljónum USD.**

Þúsundir USD	3. ársfj. '17	3. ársfj. '16	breyting
Veltufé frá rekstri	171.740	161.169	10.571
Handbært fé til rekstrar	-19.749	-19.933	184
Fjárfestingahreyfingar	-53.154	-63.695	10.541
Fjármögnunarahreyfingar	-2.399	-2.289	-110
Handbært fé, breyting	-75.302	-85.917	10.615
Handbært fé í lok tímabils	260.130	191.397	68.733

Fjárfestingar á fjórðungnum námu alls 39,7 milljónum USD, þar af voru 8,8 milljónir USD vegna flugvéla og fylgihluta og 16,0 milljónir USD vegna hreyflayfirhala eigin véla. Aðrar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 14,0 milljónum USD. Voru það m.a. fjárfestingar vegna stækkunar flugskýlis á Keflavíkurflugvelli, nýs flughermis, ásamt endurnýjun á betri stofu félagsins Saga Lounge á Keflavíkurflugvelli.

Þúsundir USD	3. ársfj. '17
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	8.816
Hreyflayfirhöl eigin vélar	15.906
Aðrar fjárfestingar	14.032
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	38.754
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	1
Óefnislegar eignir	945
Fjárfestingar samtals	39.700

HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2017

- **11% vöxtur í flugi Icelandair árið 2018.**
- **Skammtímahorfur hafa styrkst og EBITDA spá hækkuð í 165-175 milljónir USD.**
- **Áframhaldandi þrýstingur á meðalfargjöld.**
- **Samningaviðræður standa yfir við flugmenn og flugvirkja.**

Innleiðing aðgerða sem settar voru af stað í byrjun árs og eiga að skila hagræðingu og auknum tekjum í rekstri samstæðunnar ganga samkvæmt áætlun. Markmið félagsins er að aðgerðir á tekju- og gjaldahlíð muni skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónum USD á ársgrundvelli, þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í byrjun árs 2018.

Horfur í flugrekstri félagsins eru óbreyttar. Samkeppni er áfram mikil á N-Atlantshafinu og er gert ráð fyrir áframhaldandi þrýstingi á meðalfargjöld. Samningaviðræður standa nú yfir við flugmenn og flugvirkja en samningar við flugmenn hafa verið lausir frá 1. október 2017 og við flugvirkja frá 1. september 2017.

Gert er ráð fyrir að flugáætlun Icelandair fyrir árið 2018 mæld í framboðnum sætiskílómetrum verði um 11% umfangsmeiri en á þessu ári. Áætlað er að farþegar verði um 4,5 milljónir á árinu 2018 og muni fjölga um 400 þúsund frá yfirstandandi ári. Flug verður hafið til þriggja nýrra áfangastaða, Cleveland og Dallas í Bandaríkjunum og Dublin á Írlandi, auk þess sem Berlín bætist við leiðakerfið nú í nóvember. Þá verður ferðum fjölgað til fjölmargra borga í Norður-Ameríku og Evrópu. Snemma á næsta ári mun Icelandair taka í notkun þrjár nýjar 160 sæta Boeing 737 MAX 8 flugvélar og verða alls 33 flugvélar nýttar til farþegaflugsins næsta sumar, 26 Boeing 757 og fjórar Boeing 767-300 auk nýju vélanna.

Útlit í fraktstarfsemi félagsins fyrir síðustu mánuði ársins er gott. Eftirspurn eftir innflutningi til Íslands hefur aukist og er gert ráð fyrir að hún haldist sterk. Að sama skapi hafa fraktflutningar yfir N-Atlantshafið á milli N-Ameríku og Evrópu aukist. Leiguflugsstarfsemi félagsins gengur vel og er félagið með 8-9 vélar í verkefnum, mismunandi eftir árstíma.

Styrking íslensku krónunnar á árinu 2017 á móti helstu viðskiptamyntum á milli ára hefur haft í för með sér lækkandi framlegð af ferðatengdri þjónustu félagsins á Íslandi, þrátt fyrir mikla aukningu í fjölda ferðamanna til landsins. Eftirspurn eftir ferðatengdri þjónustu og hótulgistingu hefur dregist saman á árinu. T.a.m. var herbergjanýting á hótélum félagsins 82,4% á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 83,2% á sama tímabili á síðasta ári. Herbergjanýting eykst í Reykjavík, en dregst saman á landsbyggðinni á milli ára. Vegna sterkar stöðu íslensku krónunnar dvelja ferðamenn nú skemur á landinu en áður og fara síður út á land. Þessi þróun hefur haft neikvæð áhrif á veitingarekstur félagsins.

Uppfærð EBITDA spá fyrir árið er 165-175 milljónir USD sem er um 15 milljón USD hækkun frá spánni sem birt var 27. júlí 2017 samhliða uppgjöri 2. ársfjórðungs. Hækkunin skýrist af góðri afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi ásamt því að afkomuhorfur fyrir fjórða ársfjórðung hafa batnað.

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 550 USD/tonn að meðaltali á fjórða fjórðungi ársins 2017 sem er hækkun frá síðustu afkomuspá þegar það var áætlað 500 USD/tonn. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 2,0 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok september er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Okt 17	31.418	17.550	56%	516
Nóv 17	26.707	14.550	54%	547
Des 17	25.498	15.550	61%	552
Jan 18	24.969	14.250	57%	558
Feb 18	22.456	12.250	55%	556
Mar 18	27.644	15.250	55%	544
Apr 18	29.268	14.250	49%	542
Maí 18	36.427	18.250	50%	527
Jún 18	49.579	25.250	51%	513
Júl 18	52.163	26.250	50%	507
Ágú 18	51.607	23.250	45%	532
Sep 18	46.011	8.250	18%	534
12 mánuðir	423.747	204.900	48%	532
Okt 18	34.102	7.000	21%	519
Nóv 18	27.960	4.000	14%	515
Des 18	26.620	4.000	15%	559
Jan 19	26.168	0	0%	0
Feb 19	23.725	0	0%	0
Mar 19	23.852	0	0%	0
13-18 mánuðir	162.427	15.000	9%	528

* Vegið meðalverð

Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 165 það sem eftir lifir árs samanborið við 160 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,18 á fjórða ársfjórðungi samanborið við 1,16 í júlí spánni.

KYNNINGARFUNDUR 27. OKTÓBER 2017

Kynningafundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 27. október 2017 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 4-5. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2017 var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. október 2017.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2018
- Aðalfundur – vika 11, 2018

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801